

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, sbr. l. nr. 4/1992, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerðir nr. 156/1991 og 34/1992.

Hafi umsókn um greiðslu úreldingarstyrks borist stjórn Hagræðingarsjóðs fyrir gildistöku laga nr. 4/1992 án þess að hljóta afgreiðslu skal stjórn sjóðsins afgreiða slíkar umsóknir í samræmi við ákvæði l. nr. 4/1992 og reglugerðar þessarar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 620/1991.**

1. gr.

2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds að fenginni tillögu stjórnar vatnsveitu. Vatnsgjald má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna, enda verði álagningin aldrei hærri en sem nemur 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni.

2. gr.

Við 9. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar, sem verði 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Nú liggur matsverð fasteignar eigi fyrir við álagningu vatnsgjalds, en fasteign getur notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr., og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða upphæð vatnsgjaldsins með hliðsjón af því hver verður líklegur álagningarstofn fullfrágenginnar eignar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og innheimtu þess hagað á sama hátt, í samræmi við 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 90/1990.

3. gr.

Við 10. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, sem verði 2. mgr., svohljóðandi:

Í undantekningartilvikum, þegar stofnkostnaður og/eða rekstrarkostnaður vatnsveitu er óvenjulega hár, getur ráðherra veitt sveitarstjórn heimild til að ákveða hærra aukavatnsgjald en segir í 1. mgr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 13. gr. laga nr. 81/1991 um vatnsveitur sveitarfélaga, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1992.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.